**141. löggjafarþing 2012–2013.**
**Þingskjal 1220 — 220. mál.**
**3. umræða.**

# Breytingartillaga

við frumvarp til laga um neytendalán.

Frá Eygló Harðardóttur.

Við 10. gr.

a. Orðið „augljóslega“ í 1. málsl. 3. mgr. falli brott.
b. 2. málsl. 3. mgr. falli brott.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Gæti lánveitandi ekki réttra aðferða við framkvæmd lánshæfis- eða greiðslumats er lánssamningur sem á því er reistur ógildanlegur að kröfu neytanda.

Greinargerð.

Með c-lið breytingartillögunnar er lagt til að kveðið verði skýrt á um að það valdi ógildingu samnings að kröfu neytanda ef lánveitandi gætir ekki að reglum frumvarpsins um framkvæmd lánshæfis- eða greiðslumats. Þannig verði það ekki eftirlátið mati dómstóla hvort ógilda beri samning að hluta eða í heild við þessar aðstæður.